

REGLUGJÖRD

um

40
13. maí

framkvæmd laga nr. 3 frá 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

1. gr.

Lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vörur koma á land frá útlöndum, skal viðtakandi varanna sýna reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja vörurnar hingað til lands. Eftir að lögreglustjóri eða umboðsmaður hans, hafa athugað reikningana, og ef þurfa þykir vörurnar, skal þeim greiddur verðtollur af þeim af vörunum, sem verðtollsskyldar eru samkvæmt framannefndum lögum nr. 3 frá 1. apríl 1924, og má ekki afhenda viðtakanda vörurnar fyr en gjaldið er greitt, og varðar brot gegn því sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þá á staðnum, og greiði þeir auk þess verðtoll þann, er á vörunum hvílir.

Vara er verðtollsskyld þótt sendingin nái ekki þeim þunga, sem vörutolls- lögin nr. 38 frá 27. júní 1921 áskilja, til að heimtur skuli af henni vörutollur.

2. gr.

Nú sannar viðtakandi vöru fyrir lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, að hann hafi ekki fengið innkaupsreikning eða innkaupsreikningur er hann sýnir, telst ekki fullnægjandi, þá má lögreglustjóri leyfa að varan sje afhent viðtakanda, gegn því að viðtakandi setji honum þá trygging fyrir greiðslu verðtollsins, sem lögreglustjóri heimtar, og að viðtakandi sýni innkaupsreikning til stimplunar innan hæfilegs tíma, er lögreglustjóri til tekur, en ef vanefndir verða á því, varðar það viðtakanda sektum, alt að 200 kr., enda ákveður lög- reglustjóri þá hve mikinn verðtoll skuli greiða af vörunni.

3. gr.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeim stað, þar sem vara er flutt úr skipi, og vöruna á að senda áfram til hans, en ekki næst í innkaupsreikning, þá skal afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þar sem varan er flutt úr skipi, áður en hann sendir vöruna áfram til viðtakanda, eintak af farmskírteini því, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því, og greiða jafnframt vörutoll af vörunni. Farmskírteini þetta sendir lögreglu- stjóri eða umboðsmaður hans svo til lögreglustjórans á ákvörðunarstað vörunnar um leið og varan er send, með tilkynningu um, að vörutollur sje greiddur en verðtollur ógreiddur af vöru þessari, og ber þá þeim lögreglustjóra að inn-

40 18. maí heimta og gera ríkissjóði skil fyrir verðtolti af vöru þessari á sömu leið og varan hefði verið innflutt beint frá útlöndum til viðtakanda. Ennfremur skal afgreiðslumaður sá, er vöruna sendir áfram, eða skipstjóri, senda með vörunni til afgreiðslumanns skipsins á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afnenda skipstjóra, eintak af farmskírteini yfir vöruna, eða eftirrit af því, með áritun um að verðtollur sje ógreiddur, og má afgreiðslumaður á ákvörðunarstaðnum eða skipstjóri ekki afhenda viðtakanda vöruna fyrir en verðtollur af henni hefir verið greiddur lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á ákvörðunarstaðnum. Brot á móti fyrirmælum þessarar greinar varðar afgreiðslumennina eða skipstjórann sömu sektum og viðurlögum og getur í 1. gr. hjer á undan.

4. gr.

Verðtollurinn fellur í gjalddaga þegar skip það, er flytur vöruna, hafnar sig þar, er gjaldið á að greiða. Ef verð vörunnar er á innkaupsreikningi í útlendum peningum skal verðtollurinn talinn eftir því sölugengi á þeim, sem skráð er á umræddum peningum á komudegi skipsins í bönkum hjer á landi, og er bönkum og útbúum þeirra skylt að gefa lögreglustjórum eða umboðsmönnum þeirra upplýsingar um gengi, er þeir æskja þess. Nú er ekkert gengi skráð hjer í bönkum á tjeðum peningum eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir póstávísanagengi.

Ef viðtakandi vöru eða umboðsmaður hans leggur ekki fram gögn til að ákveða verðtollinn, sem getur í 1.—3. gr. hjer á undan, er lögreglustjóra heimilt að ákveða hann. Sama er og um verðtoll af vöru, sem viðtakanda hefir verið send að gjöf eða því um líkt.

Um veðrjett fyrir verðtolti og ráðstafanir til fullnustu á greiðslu hans fer eftir ákvæðum vörutollslaga nr. 38 frá 27. júní 1921, 10. gr.

5. gr.

Nú sýnir viðtakandi vöru eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að ekki sýnir rjett innkaupsverð eða ekki tilgreinir rjettar vörur, eða gefur vísvitandi ranga yfirlýsingu um verðið, þá varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. eða 155. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt stimpilgjald það, er hann að rjettu hefði átt að greiða.

Ef lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi eða óviljandi sje rangt skýrt frá um verð vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun og afhendingu varanna þar til þeirri rannsókn er lokið.

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að viðtakendur vara gæti skyldna þeirra,

sem ræðir um í verðtollslögunum og þessari reglugjörð, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga saman við farmskrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir, svo og ef þurfa þykir, láta skoðun fram fara á vörunni. **40**
13. maí

Um strandferðaskip og önnur flutningaskip innanlands, ber lögreglustjórum og umboðsmönnum þeirra að hafa sjerstakt eftirlit með því, að þau flytji ekki verðtollsskyldar vörur til annara staða, án þess að gæta fyrirmæla 3. gr. hjer á undan, og hafa þeir, er þeim þykir þurfa, heimild til að rannsaka farmskjöl og farm í því skyni.

Um reikningsskil lögreglustjóra fyrir verðtollinum fer sem um annað stimpilgjald samkvæmt reglugjörð nr. 89 frá 13. ágúst 1918.

7. gr.

Af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, skal greiða verðtollinn til pósthúss þess, er afhendir vöruna viðtakanda, og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frímerkjum, sem pósthjónn ónýtir og límir á fylgibrjef eða umbúðir. Póststjórnin setur nánari fyrirmæli um hvernig pósthjónnar skuli ónýta þessi frímerki.

Af vörum, sem póstkrafa hvílir á, má telja verðtollinn af fjárhæð póstkrofunnar, ef viðtakandi gefur yfirlýsing um, að hann hafi ekki greitt meira fyrir vöruna.

Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann, og telst þá verðtollurinn af fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út yfirlýsing um verðið og um að hann engan reikning hafi fengið, og reiknast verðtollurinn samkvæmt henni.

Nú hljóðar póstkrafa, reikningur eða yfirlýsing um fjárhæð í útlendum peningum, og telst þá verðtollurinn af þessum vörum eftir póstávísanagengi, útfarinna hjeðan.

Heimilt skal póstmönnum að opna böggulsendingar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett skýrt frá um innihald þeirra.

Um refsingu og viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 5. gr. þessarar reglugjörðar.

8. gr.

Sektir allar eftir reglugjörð þessari renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál, nema þau sjeu þannig vaxin, að þau falli undir sakamálsmeðferð,

40 Reglugjörð þessi er sett samkvæmt framannefndum lögum nr. 3 frá 1. 13. maí apríl 1924, og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 13. maí 1924.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.

41
19. júní

REGLUGJÖRÐ

um

breytingu á hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, gefið út svofelda reglugjörð um breytingu á hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920:

Í stað „lögreglustjóri“ komi bæjarstjóri, og „gegn 6% innheimtulaunum“ falli burt.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.